3	Úlfur Böðvarsson		90	Selfoss	10	10	0	0	10	0		10		Seniorar										
4	Jakub Tumowski		90	ÍR	10	10	0	0	10				10	Seniorar										
5	Baldur Bergsveinsson		90	Njarðvík	5	5	0	0	5		5			Seniorar										
6	Adam Tumowski		90	ÍR	5	5	0	0	5				5	Seniorar										
6	Matthías Stefánsson		90	ÍR	5	5	0	0	5				5	Seniorar										
1	Þór Davíðsson		100	Selfoss	60	20	20	20	60	20		20	20	Seniorar										
2	Bjarni Skúlason		100	Ármann	30	30	0	0	30			30		Seniorar										
3	Hugo Lorain		100	JR	30	30	0	0	30	30				Seniorar										
4	Grímur Ívarsson		100	Selfoss	20	10	10	0	20	0		10	10	Seniorar										
5	Helgi Guðnason		100	KA	20	20	0	0	20		20			Seniorar										
6	Emil Emilsson		100	JR	10	10	0	0	10	10				Seniorar										
6	Piotr Szarek		100	JR	10	10	0	0	10	10				Seniorar										
8	Heiðar Ríkarðsson		100	KA	10	10	0	0	10		10			Seniorar										
1	Þormóður Jónsson		+100	JR	20	20	0	0	20	20				Seniorar										
2	Karl Stefánsson		+100	KA	10	10	0	0	10	10				Seniorar										
1	Ásta Lovísa Arnórsdóttir		63	JR	30	30	0	0	30	0		30		Seniorar										
2	Berenika Bernat		63	KA	30	20	10	0	30		10	20		Seniorar										
1	Ingunn Rut Sigurðardóttir		70	JR	60	30	20	10	70	10	20	30	10	Seniorar										
2	Edda Tómasdóttir		70	KA	20	20	0	0	20	0		20		Seniorar										
3	Svenja Meissner		70	Selfoss	20	20	0	0	20				20	Seniorar										
4	Aleksandra Lis		70	ÍR	5	5	0	0	5				5	seniorar										
1	Hekla Pálsdóttir		78	KA	20	20	0	0	20		20			Seniorar										
2	Sunneva Kristjánsdóttir		78	KA	10	10	0	0	10		10			Seniorar										

Röðun	Dags. 21. okt. 2018		Þyngdarflokkur	Félag	Samtals 3 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Allir punktar	RIG/AM 2018	Vormót 2018	Íslandsmót 2018	Haustmót 2018	Aldursflokkur
	Nafn	Kennitala												
1	Ísak Hermannsson		55	JR	30	30	0	0	30			30		U21
2	Daníel Árnason		55	Njarðvík	20	20	0	0	20			20		U21
1	Alexander Heiðarsson		60	KA	30	30	0	0	30			30		U21
1	Ægir Már Baldvinsson		66	Njarðvík	70	30	20	20	70	20	20	30		U21
2	Kjartan Hreiðarsson		66	JR	20	10	10	0	20	10		10		U21
3	Hákon Garðarsson		66	JR	20	10	10	0	20		10	10		U21
4	Benedikt Birnison		66	Ármann	20	20	0	0	20				20	U21
5	Gunnar Guðmundsson		66	Njarðvík	10	5	5	0	10	5	5			U21
6	Einar Torfason		66	Njarðvík	10	10	0	0	10				10	U21
7	Borgar Ólafsson		66	Njarðvík	5	5	0	0	5				5	U21
1	Elfar Davíðsson		73	Ármann	50	30	20	0	50		20	30		U21
2	Ingólfur Rögnvaldsson		73	Njarðvík	35	20	10	5	35		5	10	20	U21
3	Bjarni Darri Sigfússon		73	Njarðvík	20	20	0	0	20			20		U21
4	Birgir Arngrímsson		73	KA	10	10	0	0	10			10		U21
5	Kjartan Hreiðarsson		73	JR	10	10	0	0	10		10			U21
6	Hákon Garðarsson		73	JR	10	10	0	0	10				10	U21
1	Árni Lund		81	JR	30	30	0	0	30			30		U21
2	Skafti Hannesson		81	KA	20	20	0	0	20			20		U21
3	Halldór Bjarnason		81	Selfoss	20	20	0	0	20	20				U21
4	Hrafn Arnarsson		81	Selfoss	20	10	10	0	20	10		10		U21
5	Elfar Davíðsson		81	Ármann	20	20	0	0	20				20	U21
6	Kári Viðisson		81	Njarðvík	15	10	5	0	15			10	5	U21
7	Kristján Vernharðsson		81	Ármann	15	10	5	0	15	5			10	U21
1	Árni Lund		90	JR	60	20	20	20	60	20	20		20	U21
2	Baldur Bergsveinsson		90	KA	30	30	0	0	30			30		U21
3	Aron Arnarsson		90	Grindavík	30	20	10	0	30	10		20		U21
4	Kristján Vernharðsson		90	Ármann	10	10	0	0	10		10			U21
5	Hrafn Arnarsson		90	Selfoss	10	10	0	0	10				10	U21
6	Tsvetan Michevski		90	Tindastóll	5	5	0	0	5		5			U21
1	Grímur Ívarsson		100	Selfoss	50	30	20	0	50			30	20	U21
2	Aron Þorbjörnsson		100	ÍR	10	10	0	0	10				10	U21
1	Hilmar Jörunnarson		+100	KA	20	20	0	0	20			20		U21
1	Hjördís Árnadóttir		57	Ármann	20	20	0	0	20	20				U21
1	Berenika Bernat		63	KA	50	30	20	0	50	20		30		U21
2	Karen Guðmundsdóttir		63	ÍR	30	20	10	0	30		10	20		U21
3	Jana Ellertsdóttir		63	Njarðvík	20	20	0	0	20		20			U21
1	Aleksandra Liz		70	ÍR	60	30	20	10	60	10		30	20	U21
2	Hekla Pálsdóttir		70	KA	40	20	20	0	40	20		20		U21
3	Helga Aradóttir		70	JR	10	10	0	0	10				10	U21

Röðun	Dags. 21. okt. 2018		Þyngdarflokkur	Félag	Samtals 3 bestu	Besti í árangur	Næst besti	Þriðji besti	Allir punktar	RIG/AM 2018	Vormót 2018	Íslandsmót 2018	Haustmót 2018	Aldursflokkur
	Nafn	Kennitala												
1	Daníel Árnason		50	Njarðvík	70	30	20	20	70	20	20	30		U18
4	Róbert Latkowski		50	Grindavík	35	20	10	5	35	5	10		20	U18
2	Adam Latkowski		50	Grindavík	30	20	10	0	30			20	10	U18
3	Árni Arnarsson		50	KA	20	10	10	0	20	10		10		U18
1	Ísak Hermansson		55	JR	50	30	20	0	50	20		30		U18
2	Hannes Sigmundsson		55	KA	20	20	0	0	20			20		U18
3	Daníel Árnason		55	Njarðvík	20	20	0	0	20				20	U18
4	Baldur Guðmundsson		55	KA	10	10	0	0	10	10				U18
5	Óskar Kristinsson		55	Selfoss	10	10	0	0	10				10	U18
1	Gylfi Edduson		60	KA	40	30	10	0	40	10		30		U18
2	Benedikt Birnison		60	Ármann	40	20	20	0	40	20		20		U18
3	Páll Blöndal		60	Ármann	10	10	0	0	10			10		U18
4	Haukur Ólafsson		60	Selfoss	5	5	0	0	5	5				U18
1	Hákon Garðarsson		66	JR	70	30	20	20	70	20	20	30		U18
2	Kjartan Hreiðarsson		66	JR	30	20	10	0	30	10		20		U18
3	Benedikt Birnison		66	Ármann	25	20	5	0	25		5		20	U18
4	Haukur Ólafsson		66	Selfoss	15	10	5	0	15			10	5	U18
5	Gunnar Guðmundsson		66	Njarðvík	15	10	5	0	15	5	10			U18
6	Borgar Ólafsson		66	Njarðvík	10	10	0	0	10				10	U18
1	Ingólfur Rögnvaldsson		73	Njarðvík	60	20	20	20	80	20	20	20	20	U18
2	Halldór Bjarnason		73	Selfoss	30	30	0	0	30			30		U18
3	Kjartan Hreiðarsson		73	JR	20	10	10	0	20		10		10	U18
4	Hákon Garðarsson		73	JR	5	5	0	0	5				5	U18
1	Hrafn Arnarson		81	Selfoss	50	30	20	0	50	20		30		U18
2	Matthías Stefánsson		81	ÍR	40	20	20	0	40		20	20		U18
3	Jakub Tumowski		81	ÍR	20	10	5	5	20	5	5	10		U18
4	Bjarki Arnórsson		81	Ármann	20	10	10	0	20		10	10		U18
5	Halldór Bjarnason		81	Selfoss	5	5	0	0	5	5				U18
1	Hrafn Arnarson		90	Selfoss	20	20	0	0	20				20	U18
2	Andri Ævarsson		90	JR	10	10	0	0	10				10	U18
1	Ólafur Jónsson		+90	KA	30	30	0	0	30			30		U18
2	Borgímur Runólfsson		+90	Tindastól	20	20	0	0	20			20		U18
1	Berenika Bernat		63	KA	50	30	20	0	50	20		30		U18
2	Karen Guðmundsdóttir		63	JG	50	20	20	10	50	10	20	20		U18
1	Alexandra Lis		70	ÍR	70	30	20	20	80	10	20	30	20	U18
2	Hekla Pálsdóttir		70	KA	40	20	20	0	40	20		20		U18
3	Helga Aradóttir		70	JR	20	10	10	0	20			10	10	U18

Erlend mót og fjölmiðlaumfjöllun

Birkir og Björn á dómaraáðstefnu

14. janúar (Birt á jsi.is)

JSÍ dómaramennir þeir Birkir Jóakimsson og Björn Sigurðarson tóku þátt í IJF dómara og þjálfaraáðstefnu sem haldin er í Mittersill samhliða OTC æfingabúðunum þar. Þar er farið yfir allar helstu áherslur í dómgæslu og breytingar á dómaraþingunum sem nú taka gildi og munu þeir félagar síðan koma þeim upplýsingum áfram á dómara og þjálfaranámskeiði JSÍ. Á myndinni sem hér til hliðar má greina þá félaga



Brons hjá Agli á Opna Skoska

21. janúar (Birt á jsi.is)

Þeir félagar Egill Blöndal og Breki Bernharðsson frá Judodeild Selfoss kepptu á Opna Skoska 20. janúar og stóðu sig býsna vel en Egill varð í þriðja sæti sem er frábært. Egill sem keppir í -90 kg flokki vann fyrstu tvær viðureignirnar og var þar með kominn í undanúrslit en þar tapaði hann því miður og komst ekki í úrslitin. Hann keppti því síðar um daginn um bronsverðlaunin og vann þar sína þriðju viðureign og þar með bronsverðlaunin. Breki keppti í -81 kg flokki en þar voru keppendur tuttugu og einn. Hann vann fyrstu viðureign en tapar þeirri næstu. Hann fær þó uppreisnarglímu sem hann vinnur en tapar svo þeirri fjórðu og var þar með úr leik.

Silfur og brons á Danish Open 2018

11. febrúar (birt á jsi.is)

Danish Open 2018 var haldið í Vejle í Danmörku dagana 10 – 13 febrúar 2018. Keppendur frá Íslandi voru þeir, Hrafn Arnarson, U18 og U21 -81kg, Alexander Heiðarsson, U21 og seniora flokki -60kg, Úlfur Böðvarsson, U21 og seniora flokki -90kg, Grímur Ívarsson, U21 og seniora flokki -100kg, Breki Bernharðsson -81kg, Egill Blöndal -90kg og Sveinbjörn Iura -90kg. Ásamt þeim fóru landsliðsþjálfararnir Jón Þór Þórarinnsson og Hermann Unnarsson og einnig var með í för Heiðar Jónsson formaður KA.

Egill Blöndal komst lengst allra en hann keppti um gullverðlaunin gegn Oliver Nelmark frá Danmörku og var sú viðureign gríðarlega jöfn og spennandi. Eftir venjulegan glímútíma (4 mín) fór hún í gullskor og var það ekki fyrr en á 5 mínútu gullskorsins að Oliver náði að skora wazaari á Agli og tók þar með gullverðlaunin en fram að því mátti varla á milli sjá hvor myndi hafa betur.



Það hafði ekki gengið vel hjá Breka í 81 kg flokknum og ákvað hann að skella sér í opna flokkinn og sá ekki eftir því en þar byrjaði hann á því að vinna sinn riðil örugglega og var kominn í undanúrslit þegar hann tapaði gegn sterkum Dana sem keppir í -100 kg flokki og sem vann síðar opnaflokkinn en Breki tók bronsverðlaunin.

Það voru fleiri með bronsverðlaun en þeir félagar Úlfur Böðvarsson og Grímur Ívarsson sem búa í Danmörku eins og er fengu brons í U21 árs aldursflokkum, Úlfur í -90 kg og Grímur í -100kg. Aðrir unnu færri viðureignir og komust ekki á verðlaunapall.

Logi og Þormóður komust í aðra umferð á Prag Open

4. mars (birt á jsi.is)

Það voru 299 keppendur frá 41 þjóð sem tóku þátt í Prag Open 2018 nú um helgina og voru keppendur frá Íslandi fimm en þeir Logi Haraldsson -81 kg flokki og Þormóður Jónsson +100 kg flokki komust báðir í aðra umferð en aðrir unnu ekki viðureign.



Logi Haraldsson átti fyrstu glímuna í dag og sigraði Salvatore D Arco frá Ítalíu með vel útfærðu bragði í gólfglímunni en Logi var undir og lítill tími til stefnu en Ítalinn hafði skorað wazaari. Þegar um tíu sekúndur voru eftir af viðureigninni plataði Logi Ítalann sem hélt sig vera í öruggri stöðu í gólfglímunni en Logi sneri honum á bakið og komst í fasta tak þegar um ein sekúnda var eftir og hélt honum þar föstum. Þarna sást það enn og aftur að glíman er ekki búin fyrr en bjallan glymur og allt getur gerst fram að því.

Í annarri glímu mætti hann Pólverjanum Damian Szwarnowiecki sem var efstur á heimslistanum í 81 kg flokknum í dag. Logi barðist vel og var ekkert síðri aðilinn framan af en hann gleymdi sér eitt augnablik og Pólverjinn náði góðu taki á Loga komst í gott bragð (Sumi gaeshi) og sigraði örugglega á ippon og Logi þar með fallin úr keppni.

Þormóður Jónsson sigraði örugglega Artyom Bagdasarov frá UZB á Ippon með Uchimata sukashi. Hann mæti síðan Frakkanum Messie Katanga, brons verðlaunahafa frá HM juniora 2015. Messie sem er mikið þyngri en Þormóður náði að stýra glímunni svo Þormóður komst aldrei inn í hana og tapaði hann á þremur shido og féll þar með úr keppni eins og Logi.

Árni Lund (-81 kg) sem er yngstur okkar keppenda og með minnstu keppnisreynsluna stóð sig mjög vel þrátt fyrir að hafa tapað fyrir Christ Gengoul frá Frakklandi en það var eftir fullan glímútíma. Hann var síst lakari aðilinn og honum var ekkert ógnað af Frakkanum. Árni sótti stíft en í einni sókninni náði Christ mótbragði og skoraði wazaari og það skor réði úrslitum.

Egill Blöndal glímdi líka mjög vel en var full fljótfer og seildist of langt í handtökunum sem Almas Kkrashev (KAZ) nýtti sér eldsnöggt og skoraði ippon með Sasae Tsuru Komi Ashi.

Breki Bernharðsson sem einnig keppti í -81 kg flokknum eins og Logi og Árni átti ekki góðan dag en hann tapaði fyrir Oleksandr Koshliak (UKR) sem komst í þriðju umferð.

Þrátt fyrir að komast ekki lengra en í fyrstu og aðra umferð þá var þetta góður skóli fyrir þá og hluti af undirbúningi fyrir komandi mót eins og NM og EM. Á morgun fara þeir svo í OTC æfingabúðirnar í Nymburk og verða þar fram eftir vikunni þar sem þeir munu æfa með flest öllum þátttakendunum frá mótinu um helgina.

EM Tel Aviv/ISR 2018 lokið

30. apríl (birt á jsi.is)

Þeir félagar Þormóður, Logi og Egill stóðu sig með sóma á Evrópumeistaramótinu. Það var vitað að andstæðingarnir yrðu öflugir og líkurnar væru ekki okkar megin. Logi keppti fyrstur og mætti mætir Sami Chouchi(BEL) en hann er í 49 sæti heimslistans. Logi byrjaði vel og var að því er virtist sterkari í tókunum og glíman leit vel út fyrir hann en eitt augnablik gleymdi Logi sér og Belginn var eldsnoggur að átta sig á því og nýtti sér það frábærlega og vann hann Loga á hængingu sem Logi þekkir og notar mikið sjálfur svo það var frekar fúlt að tapa þannig. En ljósi punkturinn var þó sá að Belginn gerði sér lítið fyrir og fór alla leið í úrslitin og endaði með silfrið svo þetta var enginn meðalmaður sem Logi tapaði fyrir.

Egill keppti næstur og mætti David Klammert (CZE) sem er í 19 sæti heimslistans og gríða sterkur judomaður. Þetta var hörkuglíma sem Egill tapaði að lokum eftir fullan glímútíma en gat alveg eins endað með sigri Egils sem glímdi

mjög vel og barðist til síðustu sekúndu. David Klammert tapaði næstu viðureign gegn silfurhafanum Nemanja Majdov frá Serbíu.

Þormóður mætti Guram Tushishvili (GEO) sem er í öðru sæti heimslistan og margfaldur verðlaunahafi á stærstu mótum heims. Þormóður byrjaði mjög vel og gaf Guram engin færi á sér og barðist vel í tókunum og þegar um 45 sekúndur voru liðnar komst Þormóður í gott bragð og gerði sér lítið fyrir og kastaði Guram á bakið nokkuð sem sést ekki á hverjum degi og fékk wazaari fyrir kastið og munaði ekki miklu að það hefði verið ippon kast eða þá að Þormóður hefði geta fylgt því eftir í fasta tak en því miður fór það ekki svo.

Glíman hélt áfram og nú var Guram ekki skemmt reiknaði alls ekki með þessu og breytti um stíl og tók önnur tók og náði eldsnöggu og fallegu seoi nage og fékk sanngjarnt ippon fyrir það.

Úrslit NM 2018 – Gull, silfur og brons

28. maí (birt á jsi.is)

Norðurlandamótið var haldið í Hilleröd í Danmörku dagana 26. og 27. maí sl. og vorum keppendur rúmlega fimm hundruð frá öllum Norðurlandþjóðunum og frá Íslandi voru fjörutíu og tveir sem kepptu í öllum aldursflokkum, þ.e. U18, U21, karla og kvenna flokkum og Masters sem er keppni þrjátíu ára og eldri.

Árangur okkar var flottur en við unnum til sex verðlauna.

Þormóður Jónsson vann örugglega +100 kg flokkinn og þar með gullverðlaunin, Sveinbjörn Lura og Árni Lund kepptu um bronsverðlaunin í -81 kg flokki og hafði Sveinbjörn betur þannig að Árni varð í fimmta sæti í flokknum. Egill Blöndal keppti einnig um bronsverðlaunin í -90 kg flokki karla gegn Finna og varð að lúta í lægra haldi og varð því í fimmta sæti eins og Árni. Í U21 árs hreppti Grímur Ívarsson silfur í -100 kg flokki og Árni Lund tók bronsverðlaunin í -81 kg flokki og það sama gerði Hekla Pálsdóttir í -70 kg flokki. Ari Sigfússon og Edda Tómasdóttir kepptu í Masters. Ari sem keppti núna í -90 kg flokki náði ekki að endurtaka leikinn frá því í fyrra er hann fékk bronsverðlaun en Edda hins vegar vann bronsverðlaunin í Hilleröd í -70 kg flokki. Keppendur okkar stóðu sig ágætlega en auðvitað misvel og held ég að ekki sé á neinn hallað með því að segja að Árni Lund hafi staðið sig hvað best þó svo að hann hafi ekki landað gulli í U21 en það átti hann að gera. Hann glímdi sjö viðureignir í -81 flokki karla og vann fimm þeirra en tapar tveimur og báðum í gullskori og í U21 árs glímdi hann sex viðureignir og vannur fimm þeirra svo allt í allt vannur hann tíu viðureignir af þrettán sem er harla gott.



Unglingarnir okkar U18 stóðu sig með prýði en þeir voru að keppa á sínu sterkasta móti til þessa og voru flestir á yngsta ári í aldursflokknum en verða hins vegar á elsta ári þegar NM verður haldið á Íslandi 2019. Það var keppt í sveitakeppni í fyrsta skipti í langan tíma en það hefur líkast til verið gert síðast fyrir um þrjátíu árum en núna var keppt í blandaðri sveit karla og kvenna. Sveitina skipuðu eftirfarandi, -57 enginn, -73 Gísli Vilborgarson, -70 Berenika Bernat, -90 Sveinbjörn Lura, +70 Anna Soffía Víkingsdóttir og +90 kg Þormóður Jónsson. Þetta var skemmtilegasti hluti mótsins og gríðarleg stemming. Við byrjuðum á því að leggja Danina að velli en við skildum jöfn 3-3 eftir umferðina og þá var dregið random um einn flokk og skyldi keppt til úrslita með gull skors fyrirkomulagi. Það var -90 kg flokkurinn kom upp og þar var Sveinbjörn okkar maður en hann hafði lagt Danann í fyrri glímunni í gullskori og nú skildi keppt á ný en Sveinbjörn sem er í feikna formi glímdi gríðarlega vel og slengdi Dananum með fallegu Tai-otoshi og sigurinn var okkar. Næst mættum við Finnum og töpuðum fyrir þeim á stigum og einnig töpuðum við fyrir Svíum. Við kepptum ekki við Norðmenn þar sem þeir höfðu dregið lið sitt út úr keppninni eftir töp gegn Finnum og Svíum.

Danirnir sem unnu Svía fengu silfurverðlaunin en þeir voru með jafnmarga vinninga og Svíarnir en færri tæknistig svo Svíarnir fengu því gullverðlaunin og Ísland bronsverðlaunin en við vorum líkt og Svíar með jafnmarga vinninga sveitar en fleiri tæknistig en Finnar.

Naoki fær gullmerki JSÍ

14. júní (birt á jsi.is)

Í hófi sem haldið var 14. júní var Naoki Murata veitt gullmerki JSÍ. Naoki var landsliðsþjálfari Íslendinga á árunum 1976-1977 og fór meðal annars með landslið okkar á Ólympíuleikana í Montreal 1976 en það var í fyrsta skipti sem að Íslenskir judomenn tóku þátt í þeim. Í keppnis og æfingaferðum landsliðsmanna okkar í gegnum tíðina til Japans höfum við átt þar hæk í horni því Naoki hefur ávallt verið þeim innan handar og afar hjálplegur.



Fimm gull í Lúxemborg

9. júní (birt á jsi.is)

Fjölmennt lið keppenda úr JR lagði af stað í 8. júní til Lúxemborg til að taka þátt í alþjóðlegu barna og unglingamóti sem heitir Challenge de la Ville de Differdange. Liðið keppti í dag í aldursflokkunum U11 og U13 en einnig er keppt í U9, U15 og U18. Keppendur JR voru sex og þeim fylgdu þjálfarar og foreldrar.

Það var glæsileg uppskera hjá krökkunum en þau unnu til fimm gullverðlauna í aldursflokknum U11 en það voru þau Emma Thueringer, Helena Bjarnadóttir, Weronika Komendera, Elías Þormóðsson og Jónas Guðmundsson sem það gerðu en því miður náði Mikael Ísaksson sem keppti í U13 og er á yngra árinu ekki í verðlaun að þessu sinni en hann er einn okkar besta keppandi í þessum aldursflokki og á örugglega eftir að landa nokkrum gullum erlendis í framtíðinni.

Þetta var í fjórða sinn sem þetta mót var haldið og hefur keppendum og þátttökupjóðum fjölgað verulega frá því að það var fyrst haldið árið 2015 en þá voru keppendur 107 frá þremur þjóðum (LUX, FRA, GER) og keppt á tveimur völlum og í fyrra voru keppendur 292 frá sex þjóðum en í ár var keppt á fjórum völlum og þjóðirnar orðnar sjö (LUX, SCO, GER, BEL, NED, FRA, ISL). Því miður eru ekki komnar upplýsingar um keppendafjölda en búast má við því að enn hafi fjölgað svo þetta var einkar glæsilegur árangur.

Egill með gull í Bretlandi

2. júní (birt á jsi.is)

Egill Blöndal keppti á Southern Area Senior Open laugardaginn 2. júní sl. Í flokknum hans -90 kg voru fimm keppendur og keppti hann því við fjóra andstæðinga sem hann vann örugglega en allar viðureignirnar vann hann á ippon og gullið var hans



Logi keppti á European Judo Open í Madrid

3. júní (birt á jsi.is)

Logi Haraldsson tók þátt í European Judo Open í Madrid sem haldið var um 1-3. júní sl. Í

-81 kg flokknum hjá Loga voru 38 keppendur og mætti hann Manuel Rodrigues (POR). Logi byrjaði illa og fékk shido eftir aðeins þrjátíu sekúndur og Manuel skoraði síðan Wazaari tíu sekúndum síðar. Þegar um tvær og hálf mínúta var eftir af viðureigninni fékk Logi annað shido og staðan var orðin verulega slæm en þá tók hann loksins við sér og átti glímuna sem eftir var og Manuel alveg búinn á því. Logi átti ágætis vinnslu í gólfinu þar sem hann reyndi að komast í lúmska hængingu og tvær Uchimata sóknir og vantaði aðeins örlítið uppá í seinna skiptið að hann næði að skora en því miður tókst það ekki og hann féll úr keppni en hörkuglíma hjá Loga og hefði hann eflaust unnið viðureignina ef hann hefði haft svona þrjátíu sekúndur í viðbót en hann fór bara of seint í gang.



Búið í Póllandi

9. júlí (birt á jsi.is)

Því miður gekk okkar mönnum ekki nógu vel á Junior European Judo Cup í Gdynia en þeir töpuðu báðir fyrstu viðureignum og engin uppreisn. Úlfur byrjaði og keppti gegn Ralph Hoogeboom frá Hollandi. Úlfur var full bráður og glíman vart byrjuð þegar hann sækir í Uchimata en Ralph var vel á verði og náði fallegu mótbragði á honum og skoraði ippon og Úlfur úr leik. Grímur glímdi stuttu síðar og var andstæðingur hans Bartosz Mackowski frá Póllandi. Þeirra viðureign var hnífjöfn og varði út allan glímútímann en Bartosz náði einu wazaari eftir um eina og hálfa mínútu og vann á því.



Keppni lokið í Paks

15. júlí (birt á jsi.is)

Það gekk ekki alveg nógu vel hjá okkar mönnum á Junior European Cup í Paks. Úlfur átti fyrstu viðureign gegn Denis Turac frá Slovakíu og tapaði hann þeirri glímu eftir stutta viðureign er honum var kastað með bear hug sem wazaari var gefið fyrir og Denis komst síðan beint í fasta tak í framhaldi af því. Grímur mætti Sebastian Schneider frá Austurríki og leit glíman ágætlega út í fyrstu og munaði ekki miklu að Grímur kæmist í fasta tak eftir misheppnaða sókn hjá Sebastian. Í upphafi sóknar stuttu seinna kom Sebastina Grími á óvart með vel útfærðu Kosoto gake og skoraði fallegt ippon. Grímur fékk uppreisnarglímu og mætti Darko Brasnjovic frá Serbíu. Grímur var full rólegur og var kominn með tvo shido eftir rúma mínútu og varð því að skerpa sóknina og gerði það en það var hins vegar Serbinn sem átti hættulegri sóknir og náði hann að skora wazaari þegar um ein og hálft mínúta var eftir og Grímur fékk sitt þriðja shido stuttu seinna og tapaði þar með glímunni.



Alexander mætti Theau Giallurachis frá Frakklandi og var það hörkuglíma. Hart var barist um tökin og báðir reyndu seionage brögð en eftir um það bil eina mínútu komst Theau inn í Sumi gaeshi og skoraði wazaari og fylgdi eftir í gólfinu en Alexander varðist því. Ekki löngu seinna reyndi Theo aftur Seoí nage sem tókst ekki en hann fylgdi því vel eftir og við tók hörkugólfglíma sem endaði með því að hann komst í fasta tak og vann glímuna á því og Alexander var þar með úr leik.

Björn Sigurðarson dæmdi á mótinu og dæmdi hann meðal annars bronsglímuna í -66 kg flokki en það er ekki sjálfgefið að fá að dæma verðlaunaglímur svo Björn hefur verið að standa sig vel í dómgæslunni. Björn mun dæma á Junior European Cup í Prag eftir viku á og reyna þar að ná sér í alþjóðleg dómararéttindi en samhliða mótinu verður haldið dómarapróf sem hann verður þátttakandi í og er því reynslan af dómgæslunni í Paks gott veganesti fyrir hann. Björn heldur heim á morgun en við taka við æfingabúðir í Paks hjá strákunum fram til 19. júlí en þá halda þeir til Prag og keppa þar næsta laugardag og sunnudag og mun Hermann Unnarsson landsliðsþjálfari verða þeim til aðstoðar.

Björn kominn með alþjóðleg réttindi

22. júlí (birt á jsi.is)

Þá er keppni lokið á Junior European Judo Cup í Prag og komust okkar menn því miður ekki áfram en þeir töpuðu allir fyrstu viðureign og fengu ekki uppreisn. Það sem þá virðist skorta helst að sögn Hermanns Unnarssonar landsliðsþjálfara sem var með þeim á mótinu er kumi kata og keppnisreynsla en það er einmitt það sem þeir eru að vinna í með þessari keppnis og æfingaferð um Evrópu. Nú taka við viku æfingabúðir í Nymburk rétt utan við Prag og svo keppa þeir Grímur og Úlfur í Berlín um næstu helgi en Alexander kemst ekki á það mót og kemur heim. Gleðifréttirnar frá Prag eru þær að Björn Sigurðarson stóðst IJF dómaraprófið um helgina og er því kominn með alþjóðleg dómararéttindi, IJF Continental (IJF-B) og er hann fjórði Íslendingurinn til þess að öðlast þau. Það er ekki sjálfgefið að ná prófinu því margir eru til kallaðir en fáir útvaldir. Vel gert og til HAMINGJU Björn.

Búið í Búdapest

12. ágúst (birt á jsi.is)

Strákarnir höfðu ekki lánið með sér í Ungverjalandi á Búdapest Grand Prix en þeir féllu allir úr keppni í fyrstu umferð. Logi var lítið kominn inni glímuna þar sem hann hafði ekki náð ekki góðum handtökum á Nikon Zaborosciuc (MDA) sem virtist vera sterkari í þeim en það var þó ekkert farið að reyna á það að ráði því eftir aðeins rúma mínútu nær hann góðu taki á Loga og fer eldsnöggt inn í bragð með annarri hendinni og fylgir vel eftir og Logi endaði á bakinu. Það var eitthvað svipað hjá Agli því þegar viðureignin var um það bil hálfnuð og eftir hörku baráttu þar sem ekki mátti á milli sjá hvor hafði betur þá nær Rafal Kozlowski frá Póllandi skyndilega að festa hægri höndina á Agli og lagðist svo í seoi-nage en Egill náði ekki að stöðva sóknina og féll á bakið og ippon var dæmt. Það verður að segjast eins og er að bæði köstin þ.e. gegn Loga og Agli voru vel útfærð og falleg.



Viðureign Sveinbjörns gegn Medickson Del Orbe (DOM) var nokkuð jöfn og hafði Sveinbjörn yfirhöndina fyrstu tæpar tvær mínúturnar en Medickson var þá kominn með shido fyrir sóknarleysi en þá var komið að Sveinbjörni að fá refsistig. Þegar um tvær mínútur eru eftir fær hann sitt fyrsta shido fyrir "False Attack" (gervisókn) og annað aðeins hálfri mínútu síðar. Hann mátti því ekki fá fleiri refsistig því þá væri hann búinn að tapa. Eins og áður sagði voru þeir mjög jafnir og börðust vel og þegar um tuttugu sekúndur eru eftir að viðureigninni þá gerðist það, Sveinbjörn fær sitt þriðja shido og tapaði þar með glímunni.

Kvennaæfing á Króknum

27. ágúst (birt á jsi.is)

Um síðustu helgi var opinn landsliðsæfing kvenna haldin á Sauðárkróki í umsjón Önnu S. Víkingsdóttur landsliðsþjálfara. Æfingarnar voru fjórar og var sú fyrsta á föstudagskvöldið, tvær á laugardaginn og ein á sunnudag. Mættar voru bestu judokonur landsins sem æfðu þar ásamt ungum og efnilegum stúlkum.



Keppni lokið í Bratislava

3. sep (birt á jsi.is)

Þá er European Judo Cup í Bratislava lokið, þetta var geysi sterkt mót og fjölmennt en keppendur voru alls 365 frá 36 þjóðum. Egill mætti Olle Mattsson frá Svíþjóð í -90 kg flokksnum, þegar um ein og hálf mínúta var liðinn af glímunni reyndi Olle fórnarbragð sem að mistókst og komst Egill í ákjósanlega stöðu og var að vinna í því að festa hann og komast í fasta tak en einhvern veginn snerist dæmið við og Olle komst í fasta tak og vann viðureignina og Egill þar með úr leik þar sem Olle tapaði næstu.



Sveinbjörn mætti Hannes Conrad frá Þýskalandi í -81 kg flokksnum og varð að játa sig sigraðan eftir að hafa fengið á sig tvö wazaari með stuttu millibili eftir rúmar tvær mínútur. Þess má geta að Hannes Conrad tók silfrið síðar um daginn. Þar sem Hannes komst þetta langt þá fékk Sveinbjörn uppreisnarglímu og mætti Rússanum Turpal Tepkaev. Sú viðureign stóðu út allan glímútímann og tapaði Sveinbjörn á wazaari. Turpal tók bronsið síðar um daginn.

Þormóður mætti Pólverjanum Patryk Broniec í +100 kg flokksnum. Patryk skoraði wazaari snemma í viðureigninni og annað um mínútu seinna. Þar sem Patryk komst í fjórðungs úrslit þá fékk Þormóður uppreisnarglímu og mætti Leonid

Gasyuk frá Úkraínu. Þormóður mætti sterkur til leiks og virtist ætla að éta hann í tókunum og var ekki langt frá því að skora með mótbragði þegar Leonid reyndi uchimata snemma í viðureigninni en stuttu seinna reyndi Leonid uchimata aftur og þá tókst það og Þormóður þar með úr leik.

Gráðudómara námskeið

9. sep (birt á jsi.is)

Föstudaginn 7. september hélt JSÍ/tækniráð námskeið fyrir verðandi gráðudómara og var það í umsjón Björns Halldórssonar og Bjarna Friðrikssonar. Mættir voru þátttakendur frá fimm klúbbum en fleiri höfðu tilkynnt þátttöku en komust ekki að þessu sinni. Þeir sem mættu voru Jóhann Másson, Gísli Vilborgarson, Gunnar Jóhannesson, Ásgeir E. Ásgeirsson, Jón H. Guðjónsson, Halldór Guðbjörnsson, Guðmundur B. Jónasson, Víkingur Þ. Víkingsson, Jón Þór Þórarinsson og Egill Blöndal. Eins og fram kom í tilkynningunni um þetta námskeið sem send var á alla klúbba þá er ráðgert að halda eitt í viðbót fyrir þá sem kæmust ekki á föstudaginn og verður það haldið í október.



Gull og Brons á SWOP 2018

22. sep (birt á jsi.is)

Á Opna Sænska í aldursflokki U21 árs sigraði Úlfur Böðvarsson 90 kg flokkinn og Árni Lund varð þriðji í -81 kg flokki. Þetta var öruggur sigur hjá Úlfi en hann lagði alla sína andstæðinga á ippon og var það vel gert því hann hafði meitt sig á öxl tveimur dögum fyrir mót og var óvíst hvort hann gæti keppt en hann ákvað að láta slag standa. Auk þess að vinna gullverðlaunin fékk Úlfur sérstakan bikar fyrir ippon kast dagsins.



Árni tapaði hins vegar fyrstu viðureign sem hann var langt kominn með að vinna þar sem andstæðingur hans var kominn með tvö refsistig og hefði tapað á því þriðja. Í einni sókn sinni gerði hann mistök og var kastað á mótbragði og þar með var möguleiki á sigri úr sögunni. Hann fékk uppreisnarglímu og gerði þá engin mistök og vann næstu þrjár glímur öruggt og allar á ippon og tók bronsið.

Grímur Ívarsson sem keppti sama flokki og Úlfur barðist um bronsverðlaunin og var ekki langt frá því að innbyrða þau en hann var yfir á stigum og ekki mikið eftir þegar andstæðingi hans tókst að koma góðu bragði á hann og skoraði ippon og þar með var glímunni lokið og Grímur endaði því í 5. sæti. Oddur Kjartansson einnig í U21 keppti í -73 kg flokki þar sem keppendur voru nítján og tapaði hann fyrstu glímu en þar sem mótherji hans komst áfram (brons) fékk Oddur uppreisnarglímu en tapaði henni líka og var úr leik.

Strákarnir í U18 þeir Hákon Garðarsson og Kjartan Hreiðarsson eru aðeins 15 ára og því á yngsta ári í flokknum. Að sögn Hermann Unnarssonar landsliðsþjálfara sem var með hópnum þá börðust þeir vel en það dugði þó ekki til því þó svo að þeir séu útsjónarsamir judomenn og í góðu formi þá munaði of miklu á líkamlegum styrk þeirra og andstæðinga þeirra sem voru allt að tveimur árum eldri og töpuðu þeir sínum glímum og fengu ekki uppreisn.

Sveinbjörn komst í þriðju umferð á HM

23. sep (birt á jsi.is)

Sveinbjörn lura keppti í 81 kg flokknum á heimsmeistaramótinu í Baku og mætti þar Cedrick Kalonga (COD) í annarri umferð en þeir sátu báðir hjá í fyrstu. Cedrick fékk snemma í glímunni refsistig fyrir stöðuga vörn en skoraði þó skömmu síðar wazaari þegar hann sótti óvænt í vinstra seoinage sem Sveinbirni tókst ekki að verjast. Eftir það tók Sveinbjörn alla stjórn á vellinum og sótti stíft en náði þó ekki að skora. Ekki munaði samt miklu í eitt skiptið þegar Sveinbjörn tók Tai-otoshi á Cedrick sem féll á hliðina en ekkert var gefið fyrir það. Sveinbjörn átti einnig ágætis tækifæri í gólfglímunni og ekki langt frá því að komast í fasta tak en Cedrick slapp í öll skiptin með skrekkinn. Cedrick var orðin þreyttur og ekki leið á löngu þar til hann fékk næsta refsistig og nú fyrir ólögleg handtök og skömmu áður en tíminn rann út fékk hann sitt þriðja refsistig fyrir gervisókn "false attack" og var þar með búinn að tapa glímunni. Sveinbjörn féll úr keppni er hann tapaði næstu viðureign í þriðju umferð en þar mætti hann ofjarli sínum er hann lenti á móti efsta manni heimslistans, Saeid Mollaei (IRI) sem síðar um daginn varð heimsmeistari í flokknum.

Ægir sigraði á Dublin Open 2018

29. sep (birt á jsi.is)

Ægir Valsson gerði sér lítið fyrir og tók gullið á Dublin Open. Ægir sem ætlaði sér að keppa í -90 kg flokki þurfti að keppa við sér þyngri menn þar sem -90 og +90 kg flokkarnir voru sameinaðir. Í flokknum voru sex keppendur og sigraði Ægir þá alla örugglega en úrslitaviðureignin var strembin en þar keppti hann gegn Írskum þungavigtara sem Ægir sigraði að lokum og gullið var hans. Til hamingju Ægir.



Keppni lokið í Glasgow

7. okt (birt á jsi.is)

Því miður komust okkar menn ekki áfram á European Judo Open í Glasgow. Sveinbjörn mætti Victor Busch frá Svíþjóð og gat sú viðureign farið á báða bóga en þeir hafa lent saman áður og skipst á að vinna. Victor hafði betur núna en viðureign þeirra hafði staðið í þrjár mínútur og hvorugur náð að ógna sem neinu nemur þegar Victor nær að skora Wazaari og aðeins ein mínúta eftir. Sveinbjörn reyndi sem hann gat til að jafna og í einni sókn sinni sem tókst ekki vel og lítið var eftir af glímútímanum lentu þeir í gólfglímu og komst Victor í fasta tak og Sveinbjörn varð að játa sig sigraðan.



Egill mætti Frakkanum Guillaume Riou og byrjaði vel því hann var kominn yfir eftir aðeins þrjátíu sekúndur er hann skoraði Wazaari með vel útfærðu Kata guruma og ekki langt frá því að klára glímuna í framhaldi af kastinu með armlás. Þetta kom Frakkanum örugglega á óvart og var hann öllu beittari eftir þetta og varð Egill að taka á honum stóra sínum og bjargaði sér oft snilldarlega úr erfiðri stöðu í gólfglímunni. Þegar tæpar tvær mínútur eru eftir jafnar Frakkinn þegar hann skorar Wazaari með Sumi gaeshi og gerði síðan út um glímuna þegar hann skorar annað Wazaari þegar um tuttugu sekúndur eru eftir af viðureigninni.

Næstu verkefni hjá Agli og Sveinbirni verða í Asíu því þeir munu halda til Japans innan skamms ásamt þeim Breka Berhardssyni og Ægi Valssyni og verða þar við æfingar í um það bil tvo mánuði og keppa á Grand Slam í Osaka 23. nóvember og 1. desember á Hong Kong Asian Open.

Osaka Grand Slam 2018 lokið

25. nóv (birt á jsi.is)

Það var frábær árangur hjá Sveinbirni lura (-81 kg) er hann komst í þriðju umferð á Osaka Grand Slam í nótt. Hann byrjaði á því að leggja Turciosel frá El Salvador í hörku glímu og sigraði hann þegar um ein mínúta var eftir en var þá komin með Turciosel í fasta tak sem gafst þá upp. Sveinbjörn mætti næst Baker frá Jórdaníu og sigraði hann einnig örugglega og var þar með kominn í 16 manna úrslit. Þar mætti Sveinbjörn ofjarli sínum Takeshi Sasaki frá Japan sem er í 28 sæti heimslistans og varð að játa sig sigraðann eftir stutta viðureign en Takeshi stóð uppi sem sigurvegari í flokknum síðar um daginn. Þetta var flottur og mikilvægur árangur hjá Sveinbirni og fullt af punktum sem hann ávann sér sem fleytir honum ofar á heimslistann og eykur enn líkurnar á Ólympíuþátttöku í Tokyo 2020. Til hamingju með árangurinn Sveinbjörn.



Ægir Valsson (-90 kg) átti fyrstu viðureign á Grand Slam Osaka og þar mætti hann Hatem Abd El Akher frá Egyptalandi sem er í 61 sæti heimslistans í flokknum. Viðureignin byrjaði vel og var Ægir síst lakari aðilinn og virkaði sterkari ef eitthvað var. Hann átti ágætis sókn þegar um ein og hálf mínúta var liðinn er hann sótti eldsnöggt í Harai goshi sem tókst ekki alveg en hann náði samt kasti og Hatem virðist lenda á lenti á hliðinni en Ægi fékk ekkert fyrir kastið. Viðureignin var jöfn en Ægir var þó kominn með eitt shido fyrir varnartilburði. Þegar tæpar tvær mínútur voru eftir komst Hatem í góð grip sem hann náði að halda og Ægir gætti ekki að sér og var kastað á fallegu Harai goshi og þar

með var keppni hans lokið á Grand Slam að þessu sinni. Ægir hefur litla reynslu af þátttöku í sterkustu mótum heims eins og Grand Slam er svo ef hún hefði verið til staðar þá er ekki ólíklegt að hann hefði hann borið sigur úr þýtum því ekki vantar styrk, úthald og kunnáttu, það sem hann skortir er fyrst og fremst keppnisreynslan.

Verðlaun á Södra Judo Open 2018

26. nóv (birt á jsi.is)

Helgina 24-25 nóvember var Södra Judo Open haldið í Svíþjóð. Á meðal þátttakenda voru þrír keppendur frá Judodeild Ármanns og ellefu frá Judodeild UMFN. Bestum árangri náði Guðmundur Stefán Gunnarsson en hann vann gullverðlaun í Veterans flokki í +100 kg og lagði þrjá andstæðinga af velli og í opnum flokki varð hann í öðru sæti. Eftir að hafa lagt fjóra keppinauta sína í opna flokknum varð hann að lúta í lægra haldi í úrslitaviðureign gegn Emil Mattson.

Aðrir sem unnu til verðlauna unnu allir til bronsverðlauna og voru það þeir Jóhannes Pálsson í U15 -73 kg, Ingólfur Rögnvaldsson í U18 -73 kg og Gunnar Örn Guðmundsson í U21 -66 kg. Kristján Vernharðsson vann eina viðureign í U21 árs -81 kg en komst ekki upp úr riðli. Í karlaflokki -81 kg gekk honum mun betur því hann vann fyrstu tvær glímurnar og var kominn í fjögurra manna úrslit þegar hann tapaði. Hann keppti þá um bronsverðlaunin en tapaði einnig þeirri viðureign og endaði í fimmta sæti. Benedikt Birnison sem keppti í U21 -66 kg meiddist í annari glímu og varð að hætta keppni. Hann var þá búinn að vinna eina glímu í riðlinum og var í raun kominn upp úr honum og þar með kominn með bronsverðlaun en missti af þeim þar sem hann gat ekki keppt meir. Aðrar viðureignir sem unnust voru hjá Daníel Árnasyni og Gunnari Guðmundssyni báðir í U18 -66 kg og Ingólfi Rögnvaldssyni í U21 -73kg

Asian Open Hong Kong 2018

7. des (birt á jsi.is)

Síðasta mót ársins erlendis hjá okkar keppendum var þátttaka þeirra Breka Bernhardssonar (-73 kg) og Sveinbjörns lura (-81 kg) á Asian Judo Open Hong Kong 2018. Breki sem keppti á laugardeginum var þarna líklegast að keppa á sínu sterkasta móti til þessa og byrjaði mjög vel en hann mætti heimamanninum Ho Ting Lee (HKG) sem hann sigraði örugglega á ippon. Næst mætti hann Keise Nakano (PHI) en varð að lúta í lægra haldi fyrir honum og féll úr keppni í sextán manna úrslitum. Þetta var vel gert hjá Breka og fékk hann sextán punkta og er kominn á heimslistann í -73 kg flokknum.

Sveinbjörn keppti á sunnudaginn og mætti Gwanghui Lee (KOR). Sveinbjörn tapaði þeirri viðureign og var þar með fallinn úr keppni en Gwanghui fór alla leið og stóð uppi sem sigurvegari í flokknum í lok dags. Það er ótrúlegt en satt en þetta var í þriðja sinn í röð að Sveinbjörn fellur úr keppni fyrir þeim sem sigrar flokkinn síðar um daginn, það skeði á HM í Baku í sept, á Grand Slam Osaka fyrir tveimur vikum og svo núna. Það fer væntanlega að verða áhugavert fyrir einhverja að fá að glíma við Sveinbjörn á komandi mótum og vonast eftir sigri því þá er gullið nánast öruggt fyrir viðkomandi. Nú er komið keppnishlé fram í janúar en þá hefst mikil törn sem lýkur ekki fyrr en í maí 2020 en þá er öllum mótum lokið sem gefa punkta á heimslistann sem ákvarðar hvort keppandi náði að skora nógu hátt til að öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Japan 2020.

Gull og brons í Hollandi

16. des (birt á jsi.is)

Um helgina fór fjölmennur hópur JR-inga, (keppendur, foreldrar og þjálfarar) til Hollands þar sem þeir tóku þátt í móti í Open Twents Judo Championship sem haldið í borginni Enschede. Það er orðið eitt fjölmennasta mót sem haldið er í Hollandi með 1100 þátttakendum frá sex þjóðum og voru 400 í aldursflokknum U17. Allir bestu keppendur Hollands voru á meðal þátttakenda en þetta er úrtökumót fyrir þá til þess að komast í landslið og fá rétt til þess að keppa á European Cup á næsta ári. Okkar keppendur stóðu sig öll vel eða svipað og búast mátti við miðað við styrkleika mótsins en samanbórið við t.d. NM unglunga eða SWOP juniora þá er þetta í allt öðrum klassa og er kannski nær EYOF að styrk

Ársreikningur árið 2018

Rekstrarreikningur ársins

	Skýr.	2018	2017
Lottó tekjur		3.504.589	3.637.727
Útbreyðslustyrkur og aðrir styrkir ÍSÍ		2.513.952	2.057.522
Ríkisstyrkur		2.950.000	3.000.000
Afrekssjóður		7.100.000	3.135.000
Tekjur alls frá ÍSÍ		16.068.541	11.830.249
 Mótatekjur, gráðanir og árgjöld		1.525.765	1.406.820
Aðrar tekjur		3.163.627	3.659.651
Tekjur alls		20.757.933	16.896.720
 Ferða og keppnisstyrkir		(9.763.651)	(7.622.368)
Mótakostnaður		(4.252.537)	(2.778.579)
Verktakagreiðslur		(6.154.149)	(2.677.990)
Húsaleiga		(379.992)	(370.237)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(556.769)	(1.160.110)
Annar rekstrarkostnaður		(1.283.733)	(352.464)
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(1.632.898)	1.934.972
 Fjármunatekjur		3.790	15.037
Fjármagnsgjöld		(18.262)	(25.195)
	3	(14.472)	(10.158)
 (Tap), hagnaður ársins		(1.647.370)	1.924.814

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	1.804.964	1.574.771
Aðrar skammtímakröfur	4	1.348.381	0
Handbært fé	4	5.477.584	8.060.177
		<u>8.630.929</u>	<u>9.634.948</u>
Eignir		<u>8.630.929</u>	<u>9.634.948</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Óráðstafað eigið fé		7.887.578	9.534.948
Eigið fé		<u>7.887.578</u>	<u>9.534.948</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	6	743.351	100.000
		<u>743.351</u>	<u>100.000</u>
Skuldir		<u>743.351</u>	<u>100.000</u>
Eigið fé og skuldir		<u>8.630.929</u>	<u>9.634.948</u>

Skýringar

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.790	15.037
	<u>3.790</u>	<u>15.037</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(18.262)	(25.195)
	<u>(18.262)</u>	<u>(25.195)</u>
	<u>(14.472)</u>	<u>(10.158)</u>

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Afreksjóður	600.000	500.000
ÍSÍ Lottó og útbreiðslustyrkur	1.204.964	1.074.771
	<u>1.804.964</u>	<u>1.574.771</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.348.381	0
	<u>1.348.381</u>	<u>0</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2018	31.12.2017
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	5.477.584	8.060.177
	<u>5.477.584</u>	<u>8.060.177</u>

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2017	7.610.134
Hagnaður/(tap) ársins	1.924.814
Eigið fé 1.1.2018	9.534.948
Hagnaður/(tap) ársins	(1.647.370)
Eigið fé 31.12.2018	<u>7.887.578</u>

6. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframinnheimtar tekjur	275.052	0
Kreditkort, VISA	468.299	100.000
	<u>743.351</u>	<u>100.000</u>

7. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 21. maí 2019